

Skriðuföll í Kaldakinn vorið 2013

Á meðan skriðuhætta var enn viðvarandi í Kaldakinn voru farnar fjórar vettvangsferðir til að kanna og meta aðstæður. Í vettvangsferðunum kom í ljós að flestar skriðurnar voru fremur stórar og ollu miklu tjóni á skógrækt en einungis ein þeirra olli skemmdum á þjóðvegi 85 sem liggur á milli Akureyrar og Húsavíkur. Sú skriða tók veginn í sundur á um 20-30 metra kafla.

Skriðurnar fjórar áttu upptök sín í hjöllum í um það bil 200-250 m h.y.s. en ofan á hjöllum lágu stórir snjóskaflar sem leysti hratt í hlýndunum. Einnig féllu smáskriður neðar í landi. Skriðurnar sem féllu úr Kinnarfelli að austanverðu voru allar innan friðaðs lands sem nær frá Ystafelli í suðri og til norðurs út eftir fellinu.

Í vettvangsferðunum voru meðal annars tekin jarðvegssýni til rannsóknar, útlínur skriðanna mældar og upptök skriðanna skoðuð. Þetta leiddi í ljós að jarðvegurinn var mjög óstöðugur en á vettvangi urðu menn varir við hreyfingar í hlíðinni.

Skriðurnar í Kinnarfelli

Fyrsta skriðan í Kinnarfelli féll kl. 07:00 að morgni þriðjudagsins 28. maí. Mikil úrkoma samfara leysingum kom þessari skriðu af stað. Skriðan mældist 150 metra breið í upptökum og rann niður fyrir veg og ofan í ána Rangá sem rennur um Kaldakinn. Skriða þessi var fremur efnislítill þó hún væri breið og olli því litlu tjóni á vegi en miklu tjóni á skógrækt.

Næsta skriða féll sólarhring seinna, nánar tiltekið kl. 07:30 þann 28. maí. Var sú skriða talsvert minni en sú sem féll þar daginn áður. Upptök skriðunnar voru 100 metrum neðar en þeirrar fyrstu, í hjalla ofan við trjálund, og rann hún rétt utan við gamla fjósið sem stendur við íbúðarhúsið á Ystafelli I. Sú skriða féll niður undir veg en olli engum skemmdum á veginum en miklum skemmdum á skógrækt.



Á myndinni sést skriðan sem féll 29. maí 2013 og rann rétt fram hjá gamla fjósinu á Ystafelli I.
Ljósmynd: Halldór G. Pétursson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þriðja skriðan féll aðfaranótt þriðjudagsins 4. júní. Þessi skriða var 200-250 m breið og átti upptök sín sunnan við jaðarinn á fyrstu skriðunni. Skriðan var mun efnismeiri en fyrsta skriðan og hefur kraftur hennar verið talsvert meiri þar sem skriðan tók veginn í sundur á um 20-30 metra kafla og hljóp yfir í hlíðina hinum megin í dalnum.

Fjórdða skriðan féll aðfaranótt miðvikudagsins 5. júní. Sú skriða var 40 metra breið og átti upptök sín skammt ofan við veg. Skriðan nam staðar skammt neðan við veginn og hefði lokað veginum ef ekki hefði þá þegar verið tilkomin lokun vegna fyrri skriða.



Á myndinni sjást ummerki eftir litlu skriðuna. Hún féll eftir að veginum um Kaldakinn var lokað.
Ljósmynd: Jón Kristinn Helgason, Veðurstofu Íslands.

Ítarefni við fróðleiksgrein <http://www.vedur.is/ofanflod/frodleikur/greinar/nr/2713>